Nr. 690 17. júlí 2019

# REGLUGERÐ

**um heimild Fjármálaeftirlitsins til að taka gildar lýsingar frá öðrum EES-ríkjum samkvæmt reglugerð ESB 2017/1129 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.**

1. gr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka gildar lýsingar, auk viðauka við þær, sem staðfestar hafa verið af lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal við almenn útboð verðbréfa eða vegna töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, og öðlast gildi 21. júlí 2019.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 17. júlí 2019.*

F. h. r.

**Guðmundur Kári Kárason.**

*Sóley Ragnarsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 19. júlí 2019